



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

SKÁKDAGUR ÍSLANDS

EINVÍGI FRIDRIKS ÓLAFSSONAR OG NANSÝJAR DAVÍÐSDÓTTUR ÍSLANDSMEISTARA BARNA Á BESSASTÖÐUM

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson tekur á morgun, fimmtudaginn 26. janúar kl. 11:00, á móti Friðriki Ólafssyni stórmeistara, landsliði íslenskra barna sem tekur þátt í Norðurlandamóti barna og forystufólki í íslensku skáklífi í tilefni af því að haldinn er í fyrsta sinn Skákdagur Íslands. Við það tækifæri munu forseti Íslands og Gunnar Björnsson, forseti Skáksambands Íslands, flytja ávörp auk þess sem Friðrik Ólafsson stórmeistari og Nansý Davíðsdóttir, Íslandsmeistari barna, tefla einvígi.

Skákdeginum, sem haldinn er á afmælisdegi Friðriks Ólafssonar honum til heiðurs, er ætlað að hvetja til skákiðkunar um land allt, í skólum og á vinnustöðum, opinberum stöðum og heimilum landsmanna. Eftt verður til fjölteflis í Kringlunni og skákhátíðar á Akureyri, víða boðið uppá skákkyrningu og skákkennslu, fjölmörg skákmót skipulögð í skólum, sveitarfélögum og fyrirtækjum og landsmenn allir hvattir til að sinna skáklistinni þennan dag.

Að Skákdegi Íslands standa Skáksamband Íslands, Skákakademía Reykjavíkur, Skákskóli Íslands og taflfélög um land allt í samvinnu við grunnskóla, íþróttafélög, sveitarfélög, fyrirtæki og einstaklinga.

25. janúar 2012

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028), Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946), Stefán Bergsson framkvæmdastjóri Skákakademíu Reykjavíkur (863 7562) og Gunnar Björnsson forseti Skáksambands Íslands (820 6533).